



Stjórnarfundur FKA #10

Starfsár: 2025-2026

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: Teams 11.3.2026

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar: Ingibjörg Salomé Sigurðardóttir (ISS), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Rósa Viggósdóttir (RV), Þórey Hafliðadóttir (PH), Margrét Hannesdóttir (MH), Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (AR)

Forföll: Puriður Aradóttir Braun (PAB), Jasmina Vajzovic (JV)

1 – Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, styrktaraðilar, liðnir viðburður o.fl. (AR)

Mikið líf og fjölbreytt verkefni að vanda á skrifstofu.

Formaður heimsótti ört vaxandi deild á Norðurlandi. Fjölmarginir viðburðir eru á dagskrá á svæðinu og hafa þeir verið vel sóttir af félagskonum þar.

Vel heppnuð bjölluhringing fór fram í Kauphöllinni í dag með góðri þátttöku.

Fjöldi viðburða hefur þegar farið fram og fleiri eru framundan, þar á meðal Sýnileikadagurinn og ráðstefnan FKA Framtíð. Ákveðið hefur verið að AWE hraðallinn verði ekki haldinn á þessu ári.

Stofnun Vestfjarðardeildar hefur verið frestað fram á haust.

Samningur við Fjölmíðlavaktina hefur verið endurnýjaður.

Unnið hefur verið að almennum rekstrarverkefnum, þar á meðal vinna við heimasíðu, bókhaldskerfi og innheimtu. Jafnframt hefur verið viðhaft reglulegt samráð og samskipti við félagskonur, nefndir, hópa og stjórn, auk annarra daglegra verkefna.

2 – Ráðning á verkefnastjóra Jafnvægisvogar og óskir um virka þátttöku og hugmyndir (AR, MH)

Gengið hefur verið frá ráðningu verkefnastjóra Jafnvægisvogar FKA. Nokkrar umsóknir bárust um starfið.

Starfið var auglýst á öllum miðlum félagsins og bárust skrifstofu fjölmargar fyrirspurnir. Að umsóknarfresti loknum hófst yfirferð umsókna, mat á hæfni umsækjenda og viðtöl við valda aðila. Í framhaldinu gengu formaður Jafnvægisvogarráðs og framkvæmdastjóri frá ráðningarsamningi við Rósu Viggósdóttur.

Nú stendur yfir yfirfærsla verkefna frá fyrri verkefnastjóra, ásamt undirbúningi og framkvæmd þeirra verkþátta sem tengjast móttöku nýs starfsmanns.

Frétt um ráðninguna var birt á fka.is, mbl.is, dv.is og vb.is.



3 – Ársreikningur (MH, AR)

Farið var yfir helstu atriði ársreikningsins. Viðsnúningur var á rekstrarafkomu en helstu ástæður þess eru hve vel gekk að fá greiðslur vegna félagsgjalda og hve marga og góða styrktaraðila FKA er með þetta starfsárið.

Helstu útgjaldaliðir félagsins eru eins og áður launakostnaður, rekstrarkostnaður húsnæðis, kostnaður reikningshalds, tölvukerfis og viðburða eins og Jafnvægisvogarinnar. Kostnaður vegna heimasíðu minnkaði töluvert, enda 2024 árið sem heimasíðan var innleidd, en er þó nokkur þar sem enn er verið að gera úrbætur á síðunni. Í ár var gerð sú breyting á ársreikningnum að landsbyggðadeildir voru teknar fyrir sérstaklega. Kemur það helst til vegna tilraunar þar sem helmingur af félagsgjöldum meðlima deildanna var greiddur á bankareikninga í nafni hverrar deildar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun á framhaldi þeirrar tilraunar.

Þá er vert að nefna að verið er að ávaxta peningum félagsins þannig að það eigi fjármuni til í sjóði ef á reynir. Mjög vel er haldið utan um fjármálin almennt og upplýsingaflæði einstaklega gott til stjórnar vegna greiðslna og kostnaðar sem myndast.

4 – Framfylgni laga frh og umræða, kjörstjórn, ráð og aðalfundur s.s. staður (ISS, GHJ)

Á aukafundi stjórnar 25. febrúar lásu stjórnarkonur saman yfir lög félagsins, komu með ábendingar og tóku loks saman hverju væri raunverulega þörf á að breyta nú í lögum FKA. Ber þar helst að nefna ákvæði um fjölda kvenna í stjórn og grein um fulltrúaráðið, en í allt eru þetta líklega 5 greinar sem þarfnast endurskoðunar. Einnig voru ræddar greinar um stoðir félagsins og hvort þörf sé þar á breytingum þar sem stjórn á mjög erfitt að tengja við þessar greinar. Til að mynda er nýsköpun þar nefnd sérstaklega en nýsköpun er í dag hvergi með sæti innan deilda FKA heldur einungis í nýsköpunarnefnd. GHJ hyggst taka umræðu með Elfi Logadóttur um stoðirnar.

Á fundi í síðustu viku með lögsögukonum var farið yfir þær tillögur og þeim falið að taka áfram og leggja fram til stjórnar tillögur að lagabreytingum. Lokafrestur til að skila tillögum um lagabreytingar til stjórnar er 15. apríl og þarf stjórn að vera sammála um tillögur til að hægt sé að leggja þær fram. Mikilvægt að hafa skýra sýn og markmið með breytingum, og hvernig breytingar eru keyrðar í gegn.

Kjörstjórn er á borði ISS, sem mun ræða við þær og tryggja að þær séu tilbúnar í aðalfund. Dagsetning á honum var færð til og ný dagsetning ákveðin, þann 19. maí nk. AR lætur alla viðeigandi aðila vita og uppfærir á heimasíðu.

5 – Sýnileikadagur (RV, AR)

Undirbúningur fyrir viðburðinn gengur vel og er nú á lokastigi. Vika er til stefnu og hefur allt skipulag gengið eftir, með góðu upplýsingaflæði til allra viðeigandi. Alls hafa verið haldnir níu fundir með nefndinni.

Ákveðið hefur verið að auglýsa erindi og dagskrá daginn eftir FKA Framtíð ráðstefnuna, þannig að hún fái að eiga sviðið. Stjórn er hvött til að deila kynningarefni á eigin samfélagsmiðlum.

Að loknum viðburði verður unnið að miðlun efnis, þar á meðal birtingu myndbanda og viðtala við gesti, með það að markmiði að auka sýnileika og vekja athygli á deginum og starfinu almennt. Gaman er að segja frá því að fylgjendum hefur fjölgað um rúmlega 200 á síðastliðnum vikum á Instagram reikning félagsins og birt efni að fá meiri dreifingu án þess þó að greitt sé fyrir hana.



Æfing fer fram daginn fyrir viðburð í húsnæði Arion banka, þar sem farið verður yfir dagskrá, glærukynningar og helstu verkþætti. Verkaskipting hefur verið skilgreind með skýrum hætti til að tryggja hnökralausa framkvæmd.

Stjórn, nefnd og tækniteymi verða auðkennd með rauðum hálsböndum og spjöldum á viðburðardeg. Stjórn færir Sýnileikanefnd sínar bestu þakkir fyrir vel unnin störf við undirbúning og skipulag Sýnileikadagsins í ár.

6 – Heimasíða staðan og kostnaður (ÞAB, GHJ, AR)

Mikið hefur áunnist undanfarið er varðar heimasíðuna. Uppfærsla á kerfum hefur reynst umfangsmeiri en áætlað var og leitt til ófyrirséðs kostnaðar. Þrátt fyrir það hefur náðst verulegur árangur: ferlar hafa verið einfaldaðir, handtökum fækkað til muna (með tilheyrandi lækkun á rekstrarkostnað) og raunhæfar vonir eru um að kerfið verði komið í mjög gott horf fyrir næsta stjórnarfund. Ætlunin er að bæta við virkni þannig að kerfið fletti sjálfkrafa upp í þjóðskrá. Nauðsynlegt er að halda áfram að þróa ferla og auka sjálfvirkni svo mannleg afskipti verði enn minni.

GHJ flaggar því að fjárheimild í tækniráð og verkefni tengd tækninni hafi verið of lítil miðað við umfang verkefna.

Í dag stendur teymið frammi fyrir því að ljúka við undantekningar, bæta villuleit, og móta jafnvel samræmda aðkomu Kaktusar og Reglu að ferlunum.

7 – Önnur mál

- Ráðstefna FKA Framtíðar í Sjóvá – Framtíðar þú! í dag (MH)

MH verkefnastýrir undirbúningi ráðstefnunnar og Saga Úlfarsdóttir hefur verið henni til aðstoðar í því. Undirbúningur hefur gengið vel. 80 konur eru nú þegar skráðar. MH stýrir panel og Sýnileikadagur verður auglýstur. Hún kemur til með að kynna og tala að auki um Jafnvægisvogina þar sem Sjóvá er einn af samstarfsaðilum hennar. Fjallað verður um hvaða hæfni konur þurfa til að eflast í takt við hraða tækniframþróunar og breytt landslag vinnuumhverfisins.

- Kanadíska sendiráðið (ISS)

AtvinnurekendaAuður verður með viðburð í samstarfi við Kanadíska sendiráðið 21. apríl nk. Brú á milli ef Íslendingar vilja stofna til viðskiptasambands á milli Íslands og Kanada. Xavier frá sendiráðinu verður á staðnum og segir konum frá því hvað það getur gert til að aðstoða FKA konur að tengjast í Kanada. Ingibjörg formaður FKA segir sína sögu af viðskiptum við landið.

Skemmtileg fyrirtækjakynning og síðasti viðburður AtvinnurekendaAuðar á starfsárinu. Sjá fyrri fundargerðir.

Fundi slitið 13.30.

Fundinn ritar Rósa Viggósdóttir ritari.